

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir
Helga Jónsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Þykkvabæjarklaustur



Reykjavík 2015

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÞYKKVABÆJARKLAUSTUR	3
FJARKANNANIR	5
KÖNNUNARSKURÐIR	6
NÍÐURSTÖÐUR	8
HEIMILDASKRÁ	9
VIÐAUKAR	10
1. FUNDASKRÁ	10
2. TEIKNINGAR	10
3. LJÓSMYNDASKRÁ	14
4. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	22

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015
Kortlagning klaustra á Íslandi: Þykkvabæjarklaustur
Vettvangsskýrsla XIII

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Könnunarskurður tekinn í Fornufjós sumarið 2015 (ljósm. Vala Gunnarsdóttir).

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar um klaustrin sem voru rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000–1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ.

Farnar voru tvær vettvangferðir á Þykkvabæjarklaustur þar sem eitt af klaustrunum var rekið. Sú fyrri var farin dagana 4.–5. maí og voru þá gerðar fjarkannanir á staðnum. Í þeirri ferð voru starfsmenn átta talsins auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra. Mark Graham sá um viðnámsmælingar og Frank Giecco sá um segulmælingar. Að auki voru aðstoðarmenn þeirra þau Jennifer Grayburn, Joanne Stamper, Lynda Howard, Ian Thomson og Mick Fairfield. Seinni ferðin var farin dagana 1.–3. júlí 2015 og voru starfsmennirnir þá þrír auk Steinunnar. Þeir voru Hermann Jakob Hjartarson, Helga Jónsdóttir og Vala Gunnarsdóttir. Þau sáu um töku könnunarskurða, ljósmyndun og skráningu og frágang gagna. Allir starfsmennirnir eru fornleifafræðingar en að auki er Vala safnafræðingur. Leyfi til rannsóknar á staðnum var gefið með því skilyrði að minjavörður Suðurlands, Uggi Ævarsson, yrði með í för vegna þess að svæðið er friðlýst. Í skýrslunni er fjallað um fyrstu niðurstöður þessarar könnunar. Vísað er til skýrslna um niðurstöður sértækra greininga til frekari upplýsinga. Höfundar vilja þakka Kristbjörgu Hilmarsdóttur á Þykkvabæjarklaustri, Sæunni Káradóttur á Norðurhjáleigu og Ugga Ævarssyni fyrir veitta aðstoð við rannsóknina.

Þykkvabæjarklaustur

Á Þykkvabæjarklaustri var rekið munkaklaustur af Ágústínuarreglu frá 1168–1548 (Janus Jónsson 1887, bls. 216 og 226). Nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt. Ýmis örnefni á staðnum má tengja við klausturhaldið á staðnum, t.d. klausturhóll, en það er ílangur hóll norðan við núverandi kirkju. Þar stóð bærinn á Þykkvabæjarklaustri lengi. Bærinn sem þar stóð, eða austurbærinn svokallaði, var rifinn um miðja 20. öldina og voru rústir húsanna jafnaðar út og núverandi bæjarhóll myndaður. Á þessum hól er nú minningarsúla um klaustrið en Kristján Eldjárn sagði að það svæði hafi verið valið fyrir hana því sá staður hafi hentað betur, þar væri vítt og fagurt, en sjálfur taldi hann klaustrið hafa staðið sunnan við núverandi

kirkju (Kristján Eldjárn 1958, bls. 50). Það hafði hann eftir Árna Magnússyni en hann kom á Þykkvabæjarklaustur um árið 1700 og sagði meðal annars:


„Bæi hafa klaustrin haft aðskild frá klausturhúsunum, og það fyrir verkafólk sitt og laicos. Það er auðséð, að Þykkvabæjar bær hefur staðið þar, sem hann nú er, því þar eru gömul forvirki á ræsernum og öðru. Þykkvabæjarklaustur hefur staðið fyrir sunnan kirkjuna; sér þar enn nú til tópta í kirkjugarðinum. Um Þykkvabæjarklaustur er alt í kring díki og morast. Ætla menn klaustrið þar hafa sett verið, svo það skyldi eo tutius fyrir ófriði; og það eru almennar sagnir. Það mun verius koma svo til: Bærinn, sem þar stóð, áður en klaustrið stiptaðist, kann fyrir þessa orsök hafa þar settur verið“ (Jón Þorkelsson 1921–1932, bls. 33–34).

Svæðið í kringum bæjarhólinn og kirkjuna var áður allt mjög blautt en hefur nú verið ræst fram. Mikill vatnsagi var í kirkjugarðinum en lauk því ástandi endanlega með framræslu árið 1989 (Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson án ártals, bls. 4). Ekki er vitað hvenær fyrsta kirkjan á Þykkvabæjarklaustri var reist. Sú sem er þar nú var byggð árið 1864 og er friðuð. Ekki er heldur vitað hvort að núverandi kirkja hafi alltaf staðið á sama stað, né hvort tvær kirkjur hafi verið á staðnum á sama tíma, þ.e. klausturkirkja annars vegar og sóknarkirkja hins vegar.

Fáar heimildir eru til varðveittar um Þykkvabæjarklaustur. Í bréfum Fornbréfasafns er talað um Miklustofu, skála, Ábótastofu og matstofu bræðra (Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 737–740). Þá er vitað að stöpull var þar en hann fauk í ofviðri og með honum öll klausturskjöl. Þetta gerðist eftir að klaustrinu var lokað. Í stöplinum var kirkjuklukka sem brotnaði þegar stöpullinn fauk og þurfti að sögn sjö hesta til þess að flytja brotin í burtu, svo stór var hún (Jón Þorkelsson 1921–1932, bls. 45). Í jarðaskrá Þykkvabæjarklausturs frá 1340 kemur fram að það hafi átt 30 jarðir en þeim átti eftir að fjölga umtalsvert í tíð þess, því árið 1523 átti það 52 jarðir (Íslenskt fornbréfasafn IX, bls. 189–192). Í jarðaskránni frá 1340 er einnig greint frá bústofni Þykkvabæjarklausturs en á staðnum voru þá 53 kýr, 33 uxar, 25 naut, 25 kálfar, 465 sauðir, 65 geldingar, 53 hestar, fjórar gæsir, tvær gyltur og fjórir grísir (Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 737–740). Þessi stóri bústofn bendir rétt eins og jarðagóssið til mikilla umsvifa klaustursins og að sjá um hann hefur krafist töluverðs mannskaps. Eitt bréf í fornbréfasafni bendir óvígðra starfsmanna í klaustrinu en það er um það þegar ótrúr þjónustumaður tekur eigur þess, þ. á m. hesta í reiðtúr til eigin þarfa (Íslenskt fornbréfasafn VII, bls. 295–296). Þeir hljóta að hafa verið fleiri, því þegar klaustrinu var lokað árið 1548 voru þar aðeins sex munkar að ábóta meðtöldum (Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 737–740).

Fjarkannanir

Í maí voru þrjú svæði á Þykkvabæjarklaustri mæld með viðnáms- og segulmælum. Svæði norðan við kirkjuna, þ.e. klausturhóllinn, var mælt og komu þar í ljós ýmsar rústir eins og vænta mátti, en þar stóð bærinn lengi. Svæðið sunnan við kirkjuna var einnig mælt með viðnámsmæli en það er svæðið sem Árni Magnússon þóttist sjá rústir klaustursins. Þar sáust hins vegar engin merki um rústir nema leifar af tveimur eldri kirkjugarðsveggjum og svokallaðar nunnutættur sem sjást á yfirborði. Að lokum var rústin Fornufjós mæld en það eru all skýrar tóftir um 230 m norður af kirkjunni á staðnum (sjá mynd nr. 2). Voru það starfsmenn Grampus sem sýndu svæðinu áhuga en áður hafði svæðið ekki verið talið líklegt klausturstæði, enda ávalt verið talið fjós. Niðurstöður mælinganna sýndu að til viðbótar við sýnilegar rústir á yfirborði Fornufjósá var mun stærra rústasvæði falið í jörðu eða um 20 x 20 m stórt. Svæðið sunnan og vestan við Fornufjós sýndu sumsé miklar minjar sem jafnvel líktust stórum garði sem umlukinn er fleiri rústum. Ein þeirra virðist vera um 10x5 m á stærð og liggur í A-V. Að auki sáust milliveggir í rústinni og mögulegir inngangar. Vitað er að hluti Fornufjósá var sléttaður áður en þær voru friðlýstar (Jón Gíslason 1970) og er þetta að öllum líkindum sá hluti þeirra. Virtust rústirnar að öðru leyti tiltölulega vel varðveittar en þær liggja á annan metra niður í jörðu (mynd 1).



Mynd 1: Niðurstöður viðnámsmælinga (til vinstri) og segulmælinga (til hægri) á Fornufjós. Mynd: Grampus, Heritage & Training Ltd.

Þessar mælingar gáfu tilefni til þess að kanna Fornufjós betur með könnunarskurðum og var því sótt um leyfi til uppgrافتar þar, þrátt fyrir friðlýsingu rústanna.

Könnunarskurðir

Tekinn var einn könnunarskurður á Pykkvabæjarklaustri, n.t.t. í rústina Fornufjós. Nákvæm staðsetning skurðarins var ákvörðuð í samráði við Ugga Ævarsson minjavörð Suðurlands. Ákveðið var að taka skurðinn í það rústasvæði sem ekki er sýnilegt á yfirborðinu, þ.e. nokkuð sunnan og vestan við sýnilegar veggjarústir (sjá mynd 2).



Mynd 2: Staðsetning könnunarskurðarins á Pykkvabæjarklaustri (kort: Vala Gunnarsdóttir).

Könnunarskurðurinn var 1 x 3 metrar á stærð til að byrja með og lá hann í N-S. Ákveðið var að láta það ráðast í hvor áttina skurðurinn yrði stækkaður. Komið var niður á mörg gjóskulög og var eitt þeirra áberandi þykkt og gróft á um 22.5 cm dýpi. Það var um 13 cm þykkt. Komið var síðan niður á steinahleðslur og torf á 1 m dýpi í suðurhluta skurðsins. Undir þessari hleðslu voru tvö önnur lög af steinhleðslum með torfhnausum. Ákveðið var að stækka skurðinn til suðurs vegna hleðslunnar og komu í ljós þrjár stærri steinar. Torf náði yfir allan skurðinn en gjóskulag lá *in situ* á milli tveggja torflaga. Engir gripir fundust í skurðinum og aðeins eitt dýrabein. Lítið var um móösku í skurðinum, aðeins lítið magn í norðurhluta hans ásamt stöku kolaleifum. Skurðurinn varð rúmir 2 metrar á dýpt þar sem hann var dýpstur en

gjóskulagagreiningu vera frá um 16. öld. Ekki er hægt að útiloka að það sé frá upphafi 17. aldar en Magnús telur líkur á því að efra lag torfsins hafi rofist af með flóði sem varð árið 1612 (Magnús Á. Sigurgeirsson 2015, bls. 2).

Undir neðra torflaginu var sendinn jarðvegur. Sniðið sem var mælt náði 80 cm undir meint K-1500. Jarðvegsbor var stungið niður úr botni skurðarins og stoppaði hann á um 2,5m dýpi í grófu gjalli sem mögulega gæti verið E-934 (Magnús Á. Sigurgeirsson 2015, bls. 2). Í suður enda skurðsins eru efstu gjóskulögin ekki til staðar (þ.m.t. Katla 1755), en virðist sem að þetta svæðið hafi verið sléttað.

Niðurstöður

Ljós er að rústin Fornufjós er mun umfangsmeiri en það sem sést á yfirborði. Þetta sýndu viðnáms- og segulmælar og var það staðfest með könnunarskurði. Komið var niður á steinhleðslur og tvær torfhleðslur sem hafa verið aldursgreindar til 14.–15. aldar annars vegar og 16.–17. aldar hins vegar. Rústirnar eru þess vegna frá klausturtíma. Ekki var unnt að greina frá hlutverki byggingarinnar í þessum könnunarskurði, engir gripir fundust í honum og aðeins eitt dýrabein. Varðveittar heimildir um Þykkvabæjarklaustur benda til ríkidæmis og mikilla umsvifa, einkum í V-Skaftafellssýslu. Það virðist náð að hafa orðið eitt af stærri og mikilvægari klastrum á Íslandi og því hljóta byggingar þess að hafa verið töluverðar. Á það við um klaustrið sjálft og peningshús.

Heimildaskrá

Íslenzkt fornbréfasafn II (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn III (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn VII (1903–1907). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn IX (1909–1913). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, bls. 174–265.

Jón Gíslason (1970). Upptaka aðgengileg á vefsíðunni <http://www.ismus.is/i/audio/id-1022114>

Jón Þorkelsson (1921–1932). Um klaustrin. Eptir Árna Magnússon. *Blanda XVII*, bls. 32–47.

Kristján Eldjárn. (1958). „Reistur minjasteinn Þykkvabæjarklausturs“. *Morgunblaðið*. 24. desember, bls. 48–50.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2015). *Klausturrannsóknir 2015*. Greinargerð 2/2015. Sótt af slóðinni: https://hi.is/~sjk/GOS_2015.pdf

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson (án ártals). *Hugað að Klaustrinu í Þykkvabæ í Álftaveri*.


Viðaukar

1. Fundaskrá


Dags.	Nr.	Fundur	Efni	Svæði T.lag	J -lag	Skráð af	Ath.
2.7.2015	2015-18-1	sýni	Jarðvegur	TP1		125-130 cm dýpi	HJ sýni úr jarðvegi, undir vegg á 1,25- 1,30 sett í fötu
2.7.2015	2015-18-2	bein	dýrabein	TP1		125 cm dýpi	HJ 1 m frá suðurenda skurðar
3.7.2015	2015-18-3	sýni	Jarðvegur	TP1		160 cm dýpi	HJ úr torflagi á 160 cm dýpi

2. Teikningar


Þykkvabæjarklaustur
T_2015-18-3
Könnunarskurður 1
Suðursnið




Bykkvabæjarklaustur
T_2015-18-4
Könnunarskurður 1
Norðursnið




Þykkvabæjarklaustur
T_2015-18-5
Könnunarskurður 1
Vestursnið




Þykkvabæjarklaustur
T_2015-18-1
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 1



Þykkvabæjarklaustur
T_2015-18-2
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 2



Þykkvabæjarklaustur
T_2015-18-3
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 3



3. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá					
Rannsóknastaður	Þykkvabæjarklaustur				
Leyfisnúmer	2015050026				
Safnnúmer	2015-18				
Leyfisnúmer	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
2015050026	1.7.2015	Í Fornufjósum	NA	HJ	Steinunn og Uggi Ævarsson
2015050026	1.7.2015	Í Fornufjósum	NA	HJ	Steinunn og Uggi Ævarsson
2015050026	1.7.2015	Í Fornufjósum að finna stað f skurð	AU	HJ	Uggi, Steinunn og Hermann
2015050026	1.7.2015	Þykkvabæjarklausturskirkja	S	HJ	
2015050026	1.7.2015	Inni í Fornufjósum	AU	HJ	
2015050026	1.7.2015	Skurður undirbúinn	SA	VG	Uggi, Steinunn, Helga og Hermann
2015050026	1.7.2015	Skurður mokaður	SA	HJ	Steinunn, Uggi, Hermann og Vala
2015050026	1.7.2015	Skurður mokaður	AU	VG	Hermann, Helga, Uggi og Steinunn
2015050026	1.7.2015	Skurður mokaður	SV	VG	Hermann og Helga
2015050026	1.7.2015	Helga og Hermann moka	N	VG	
2015050026	1.7.2015	Helga	N	VG	
2015050026	1.7.2015	Helga og Hermann	N	VG	
2015050026	1.7.2015	Helga og Hermann	NV	VG	
2015050026	2.7.2015	Hermann og Vala moka	N	HJ	
2015050026	2.7.2015	Hermann og Vala moka	N	HJ	
2015050026	2.7.2015	Uggi minjavörður og Helga moka	SV	VG	
2015050026	2.7.2015	Uggi minjavörður og Helga moka	SV	VG	
2015050026	2.7.2015	Uggi minjavörður og Helga moka	V	VG	
2015050026	2.7.2015	vinnumynd	V	HJ	Hermann, Vala, Uggi og Steinunn

2015050026	2.7.2015	vinnumynd	NA	HJ	Hermann, Vala, Uggi og Steinunn
2015050026	2.7.2015	séð á bæinn	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	Umhverfis Fornufjós	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	í suðaustur v Fornufjós	SA	HJ	
2015050026	2.7.2015	í austur v Fornufjós	AU	HJ	
2015050026	2.7.2015	í norðaustur (stóra rúst)	NA	HJ	
2015050026	2.7.2015	í norður	N	HJ	
2015050026	2.7.2015	í norðvestur	NV	HJ	
2015050026	2.7.2015	í vestur af Fornufjósum	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	Kirkjan á Þykkvabæjarklaustri	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	Kirkjan á Þykkvabæjarklaustri	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	í vestur af Fornufjósum	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	f. utan rústina séð í vestur	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	f. utan rústina séð í suður	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	stóra rúst, séð í austur	AU	HJ	
2015050026	2.7.2015	suðurendi 85 cm dýpi	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	suðurendi 85 cm dýpi	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	suðurendi 85 cm dýpi	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	suðurendi 85 cm dýpi m skala	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	suðurendi 85 cm dýpi m skala	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	lækur f. norðan kirkju	AU	HJ	
2015050026	2.7.2015	lækur f. norðan kirkju	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	Þykkvabæjarklausturskirkja	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	Ábatasteinninn f. framan kirkju	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	Horft í vestur yfir kirkjugarð	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	Horft í vestur yfir kirkjugarð	V	HJ	
2015050026	2.7.2015	Horft í suður yfir kirkjugarð	S	HJ	
2015050026	2.7.2015	bæjarhellur sem komu upp vestan v kirkju	AU	HJ	Vala og Steinunn
2015050026	2.7.2015	skilti v kirkju	AU	HJ	

2015050026	2.7.2015	skilti v kirkju	AU	HJ	
2015050026	2.7.2015	skilti v kirkju	AU	HJ	
2015050026	2.7.2015	skilti v kirkju	AU	HJ	
2015050026	2.7.2015	Fugl og útihús	N	HJ	
2015050026	2.7.2015	Horft yfir uppgraftarsvæði	NA	HJ	
2015050026	2.7.2015	Spjald, TP1 botn 85 cm.	NA	HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 plan 85 cm dýpi		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 plan 85 cm dýpi miðja skurðar		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 85 cm suðurendi		HJ	
2015050026	2.7.2015	Helga að teikna plan	N	VG	
2015050026	2.7.2015	Helga að teikna plan	N	VG	
2015050026	2.7.2015	Uppmokstur og rúst	V	VG	Uggi Ævarsson í baksýn
2015050026	2.7.2015	TP1 Spjald, botn 93 cm		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 93 cm plan suðurendi		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 93 cm plan suðurendi		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 93 cm plan suðurendi		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 93 cm plan suðurendi		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 plan 93 cm miðja		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 plan 93 cm norðurendi		HJ	
2015050026	2.7.2015	TP1 snið um miðju	V	HJ	93 cm dýpi
2015050026	2.7.2015	TP1 steinar í sniði	V	HJ	
2015050026	3.7.2015	Spjald, TP1 1,27 cm		HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 plan 1,27 cm suðurendi		HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 miðja		HJ	
2015050026	3.7.2015	Spjald TP1 1,27 cm		HJ	
2015050026	3.7.2015	Spjald TP1 1,45 cm		HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 1,45 cm plan suðurendi		HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 1,45 cm plan suðurendi		HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 1,45 cm plan miðja		HJ	

2015050026	3.7.2015	TP1 1,45 cm plan norðurendi		HJ	ekki alveg út í enda
2015050026	3.7.2015	TP1 1,45 cm yfirlitsmynd		HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 1,45 cm plan suðurendi		HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 vinnumynd Vala og Hemmi	N	HJ	Steinunn á bakkanum
2015050026	3.7.2015	TP1 vinnumynd Vala og Hemmi	N	HJ	sést í fætur Steinunnar
2015050026	3.7.2015	TP1 vinnumynd Uggi og Hemmi	N	HJ	
2015050026	3.7.2015	TP1 vinnumynd Helga, Hemmi, Uggi	S	VG	
2015050026	3.7.2015	TP1 vinnumynd Helga og Hemmi	S	VG	
2015050026	3.7.2015	TP1 vinnumynd Hemmi og Uggi	S	HJ	
2015050026	3.7.2015	Uppmokstur	AU	HJ	skurður á milli sést ekki
2015050026	3.7.2015	Spjald TP1 snið suður	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 snið	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 snið neðri hluti	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 snið efri hluti	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 snið neðri hluti	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 snið	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 snið	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 snið	S	SK	
2015050026	3.7.2015	Spjald TP1 v/snið	V	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 vestursnið	V	SK	Fyrsta myndin (97) er efst í suðurendanum, næsta þar f. neðan og þannig koll af kolli, seinasta (131) er svo neðst í norðurendanum
2015050026	3.7.2015	TP1 efst á suðurenda	V	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 miðja á suðurenda	V	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 neðst á suðurenda	V	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 efst á suðurenda	V	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 vestursnið	V	SK	

2015050026	3.7.2015	TP1 vestursnið	SV	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 fullgrafinn	S	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 fullgrafinn	S	SK	
2015050026	3.7.2015	Vinnumynd Vala og Helga	S	SK	
2015050026	3.7.2015	Spjald TP1 norðursnið	N	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 norðursnið	N	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 norðursnið	N	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 norðursnið	N	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 norðursnið	N	SK	
2015050026	3.7.2015	Vinnumynd Helga og Hemmi teikna	N	VG	Steinunn talar við Magnús
2015050026	3.7.2015	Spjald TP1 austursnið	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	Torf
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	Torf
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið efst suðurendi	A	SK	Byrjað var að taka myndir efst í s. enda svo var tekið niður og til norðurs
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið suðurendi	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið suðurendi neðst	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	Gjóskulag 1755?
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	Torf
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	Torf
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	
2015050026	3.7.2015	TP1 austursnið	A	SK	Gjóskulag 1755?

2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Snið TP1 austur	A	SK	
2015050026	3.7.2015	Yfirlitsmynd austursnið	SA	SK	
2015050026	3.7.2015	Yfirlitsmynd TP1	SA	SK	
2015050026	3.7.2015	Yfirlitsmynd TP1	S	SK	Vala og Hemmi

4. Kort af miðaldaklaustrunum

